Farsótta-skýrslur 2013–2014

Tilkynningarskyldir sjúkdómar
Farsóttagreining
Sögulegar upplýsingar

Embætti landlæknis
Directorate of Health

Nóvember 2015

Embætti landlæknis
Directorate of Health

Farsóttaskýrslur 2013–2014

Tilkynningarskyldir sjúkdómar
Farsóttagreining
Sögulegar upplýsingar

Farsóttaskýrslur 2013–2014

Höfundur:
Haraldur Briem sóttvarnalæknir

Útgefandi:

Embætti landlæknis, sóttvarnalæknir
Barónsstíg 47
101 Reykjavík
www.landlaeknir.is

Reykjavík 2015

ISSN 2298-8157

Þakkir
Embættið þakkar rannsóknarstofum Landspítala í sýkla- og veirufræði og rannsóknarstofu Sjúkrahúss Akureyrar auk meðhöndlandi lækna um land allt fyrir upplýsingar um tilkynningarskylda sjúkdóma.

Efnisyfirlit

Inngangur 5
Sýkingar í öndunarvegum 6
Árstíðarbundin Inflúensa 6
Heimsfaraldur á 19. öld 8
Heimsfaraldrar á 20. og 21. öld 9
Spánska veikin 9
Asíuinflúensan 1957, Hong Kong inflúensan 1968 og svínainflúensan 2009 10
Berklar 11
Berklafaraldurinn á 20. öld 12
Aðgerðir gegn berklum 14
Mycobacterium bovis 14
Berklar 2013–2014 15
Kynsjúkdómar, HIV og aðrar blóðbornar veirur 16
Klamydíusýking 16
Lekandi 18
Sárasótt 21
HIV/alnæmi 23
Lifrarbólgur B og C 25
Lifrarbólga B 26
Lifrarbólga C 27
Sýkingar í meltingarvegi 28
Kampýlóbaktersýking 28
Salmónellusýking 30
E. coli O157 32
Aðrar sýkingar í meltingarvegi 32
Bótúlíneitrun 32
Giardíusýkingar 32
Lifrarbólga A 34
Sígellusýkingar 35
Sjúkdómar sem bólusett er gegn 36
Barnaveiki 36

Hettusótt 37
Bólusótt 38
Kikhósti 39
Lömunarveiki 41
Sögulegar heimildir um lömunarveiki á Íslandi 41
Bólusetning gegn lömunarveiki á Íslandi 41
Vöktun á lömunarveiki á Íslandi 41
Meningókokkasjúkdómur 42
Mislingar 44
Pneumókokkasýking (ífarandi) 45
Rauðir hundar 46
Stífkrampi 47
Framkvæmd bólusetninga 48
Þátttaka í bólusetningum 49
Bólusetning barna 49
Sýklalyfjanotkun og sýklalyfjaónæmi 52
Sýklalyfjanotkun 52
Sýklalyfjaónæmi 53
Meticillin ónæmur Staphylococcus aureus (MÓSA) 54
Vankómýsín ónæmir enterókokkar 55
Breiðvirkir betalaktamasar (ESBL) 56
Sýkingar í tengslum við veitingu heilbrigðisþjónustu 57
Atburðir af völdum eiturefna og geislavirkra efna 58
Eldgos í Holuhrauni 58
Áhrif á heilsufar og ráðleggingar um viðbrögð við SO_2 frá eldgosum 59
Vinnuverndarmörk 60
Almennar ráðleggingar 60
Frekari ráðstafanir 60
Mikil mengun utandyra 60
Reglugerð um bólusetningar nr. 221/2001 sbr. breytingu nr. 904/2013 61
Reglugerð nr. 221/2012 um skýrslugerð vegna sóttvarna sbr. breytingu nr. 816/2012 64
Skilgreiningar Evrópusambandsins á sjúkdómstilvikum 68
Heimildir 125

Inngangur

Sóttvarnalæknir er ábyrgur fyrir því að haldin sé sjúkdómaskrá sem tekur til smitsjúkdóma, sjúkdómsvalda þeirra, bráðra sjúkdóma af völdum eiturefna og geislavirkra efna, óvenjulegra og óvæntra atburða sem geta haft alvarlegar heilsufarslegar afleiðingar meðal þjóða heims, sýklalyfjanotkunar og bólusetninga (ónæmisaðgerða), sbr. reglugerð um bólusetningar á Íslandi nr. 221/2001 með síðari breytingu, sbr. breytingu með reglugerð nr. 904/2013.

Þeir sjúkdómar, sjúkdómsvaldar og atburðir sem sóttvarnalög fjalla um eru skráningarskyldir og geti þeir ógnað almannaheill eru þeir jafnframt tilkynningarskyldir.

Með skráningarskyldu er átt við skyldu til að senda sóttvarnalækni ópersónugreindar upplýsingar en með tilkynningarskyldu er átt við skyldu til að senda persónugreindar upplýsingar um sjúkdómstilvik.

Skráningar- og tilkynningarskyldir sjúkdómar eru tilgreindir í reglugerð nr. 221/2012 um skýrslugerð vegna sóttvarna með síðari breytingu, sbr. breytingu með reglugerð nr. 816/2012.

Þessi farsóttaskýrsla tekur til tilkynningarskyldra sjúkdóma á árinu 2013–2014 og þeir bornir saman við sjúkdómstilfelli á árum áður og í sumum tilfellum áratugum aftur í tímann. Fjallað er stuttlega um hvern sjúkdóm fyrir sig. Þá er einnig fjallað um sýklalyfjanotkun, bólusetningar og sýkingar í tengslum við veitingu heilbrigðisþjónustu.

Haraldur Briem
sóttvarnalæknir

Eftirfarandi komu að vinnslu þessarar skýrslu:

Arthur Löve prófessor yfirlæknir, veirufræðideild Landspítala
Ása St. Atladóttir verkefnisstjóri, sóttvarnasviði Embættis landlæknis
Ásdís Elfarsdóttir Jelle sýkingavarnahjúkrunarfræðingur, sýkingavarnadeild Landspítala
Bergþóra Karlsdóttir hjúkrunarfræðingur, göngudeild smitsjúkdóma, Landspítala
Hjördís Harðardóttir sýklafræðingur, sýklafræðideild Landspítala
Guðrún Baldvinsdóttir veirufræðingur, veirufræðideild Landspítala
Guðrún Sigmundsdóttir yfirlæknir, sóttvarnasviði Embættis landlæknis
Haraldur Briem sóttvarnalæknir, Embætti landlæknis
Jónína Margrét Guðnadóttir útgáfu- og vefstjóri, sviði reksturs og þjónustu, Embætti landlæknis
Júlíana Héðinsdóttir aðstoðarmaður sóttvarnalæknis, Embætti landlæknis
Karl G. Kristinsson prófessor, yfirlæknir, sýklafræðideild Landspítala
Magnús Gottfreðsson prófessor, smitsjúkdómadeild Landspítala
Már Kristjánsson yfirlæknir, smitsjúkdómadeild Landspítala
Ólafur Guðlaugsson yfirlæknir, sýkingavarnadeild Landspítala
Sigurður B. Þorsteinsson sérfræðingur í lyflækningum og smitsjúkdómum
Sigurlaug Hauksdóttir yfirfélagsráðgjafi, sóttvarnasviði Embættis landlæknis
Þórólfur Guðnason yfirlæknir, sóttvarnasviði Embættis landlæknis
Þorsteinn Blöndal yfirlæknir, Göngudeild sóttvarna, Heilsugæslu Höfuðborgarsvæðisins
Þórarinn Tyrfingsson yfirlæknir, sjúkrahúsinu Vogi (SÁÁ)
Þórunn Rafnar Þorsteinsdóttir verkefnisstjóri, sóttvarnasviði Embættis landlæknis

Upplýsingar um tilkynningarskylda sjúkdóma eru fengnar frá rannsóknarstofum Landspítala í sýkla- og veirufræði, rannsóknarstofu sjúkrahúss Akureyrar (FSA) og meðhöndlandi læknum um land allt.

Sýkingar í öndunarvegum

Árstíðarbundin Inflúensa

Árstíðabundna inflúensan gekk yfir landið frá janúar til mars árin 2013 og 2014, sjá mynd.



Árið 2012 voru staðfestar inflúensugreiningar af völdum inflúensu A(H3N2), en það ár greindist enginn með svínainflúensu A(H1N1) 2009 eða inflúensu B. Inflúensufaraldurinn sem hófst í janúar 2013 var oftast af völdum inflúensu A(H3N2) og A(H1N1)pdm09. Faraldurinn sem gekk yfir í ársbyrjun 2014 var oftast af völdum inflúensu A(H1N1)pdm09 en sjaldnar af völdum inflúensu A(H3N2) og B stofna inflúensu, sjá töflu byggða á greiningu veirufræðideildar Landspítala.

Vika	2012/2013				2013/2014			
	A(H1)pdm09	A(H3)	B	Samtals	A(H1)pdm09	A(H3)	B	Samtals
40	0	0	0	0	0	0	0	0
41	0	0	0	0	0	0	0	0
42	0	1	1	2	0	0	0	0
43	0	0	0	0	0	0	0	0
44	0	0	0	0	0	0	0	0
45	0	0	0	0	0	0	0	0
46	0	0	0	0	0	0	0	0
47	0	1	0	1	0	0	0	0
48	0	0	0	0	0	0	0	0
49	0	0	0	0	0	0	0	0
50	1	0	0	1	0	0	0	0
51	0	0	0	0	0	0	0	0
52	2	1	1	4	1	0	1	2
1	4	7	0	11	0	0	0	0
2	11	9	0	20	3	0	0	0
3	10	17	0	27	2	0	0	0
4	16	9	1	26	3	0	0	0
5	7	9	2	18	10	0	0	10
6	6	4	1	11	14	1	0	15
7	10	5	0	15	16	1	0	17
8	14	5	7	26	14	1	0	15
9	4	2	3	9	20	2	0	22
10	2	0	2	4	16	0	1	17
11	3	1	4	8	7	1	3	11
12	4	1	11	16	5	1	1	7
13	2	1	1	4	2	0	1	3
14	2	2	6	10	5	1	0	6
15	1	1	3	5	1	0	0	1
16	1	0	0	1	0	0	0	0
17	2	2	4	8	0	0	0	0
18	0	0	2	2	0	0	2	0
19	1	0	6	7	1	0	1	2
20	0	0	3	3	0	0	0	0



Heimsfaraldrar inflúensu

Heimsfaraldur á 19. öld[1,2]

Heimsfaraldrinum, sem hófst árið 1889, er betur lýst en fyrri faröldrum og sennilega sá fyrsti sem náði raunverulega til allra landa heims. Hann hófst sennilega vorið 1889 í Rússlandi, breiddist smám saman út til aðlægra landa þegar leið á árið en í ársbyrjun 1890 hafði hann náð til flestra landa heims. Til Íslands barst hann í maí 1890. Önnur og þriðja bylgja faraldursins reið yfir heiminn árin 1891 og 1892. Önnur bylgja faraldursins skall ekki á hér á landi fyrr en 1894, væntanlega vegna einangrunar landsins.

Heimsfaraldurinn var í upphafi ekki skæður hvorki hér á landi né annars staðar í heiminum. Dánartíðnin í heiminum jókst á hinn bóginn í seinni bylgjunum og reynslan hér á landi var sú sama 1894. Einkum voru það gamalmenni og fólk sem var veikt fyrir í lungum sem farnaðist illa.

Ekki er vitað með vissu hvaða inflúensustofn hafi valdið faraldrinum en 40 árum síðar, þegar inflúensuveiran var einangruð, mátti leiða líkum að því með mótefnamælingum hjá þeim sem voru lifandi 1889 að inflúensan hafi verið af A stofni með H2 mótefnavaka.



Heimsfaraldrar á 20. og 21. öld

Spánska veikin

Líklegt er að heimsfaraldur inflúensu hafi hafist í Bandaríkjunum í marsmánuði 1918. Þaðan breiddist hann í austurátt til Evrópu með bandarískum hermönnum sem þátt tóku í heimsstyrjöldinni fyrri. Framan af var inflúensa tiltölulega væg. Í ágúst 1918 tók faraldurinn óvænt breytingum á mismunandi svæðum nánast samtímis. Dánartíðni sjúkdómsins margfaldaðist þegar inflúensan barst til Afríku með skipi frá Bretlandi. Í Frakklandi jókst dánartíðnin skyndilega og einnig í Rússlandi en þaðan barst sóttin með skipakomum til Arkangelsk. Þá barst inflúensan aftur til Boston og þaðan um öll ríki Bandaríkjanna og var hún mun mannskæðari en áður. Mörg ríki veraldar urðu fyrir annarri og þriðju bylgju faraldursins 1918–1919 og 1919–1920.

Inflúensan barst til Íslands í byrjun júní 1918. Hún gekk um landið og var tiltölulega væg hér eins og annars staðar. Var hún kölluð sumarinflúensan. Í októberlok 1918 sótti inflúensan aftur mjög í sig veðrið og varð skyndilega afar mannskæð. Hún geisaði fyrst og fremst á suðvesturhluta landsins en líklegt má telja að sóttvarnaráðstafanir, sem fólust í ferðabanni á milli landshluta, hafi skilað þessum árangri og hlíft norður- og austurhluta landsins.

Slæm kvefpest gekk um landið vorið 1919, en óljóst er hvort um inflúensu hafi verið að ræða. Seinni bylgjur inflúensunnar gengu yfir vorið 1920 og sumarið 1921 en voru ekki eins mannskæðar og haustið 1918. Spánska veikin var af völdum inflúensu A(H1N1). Óvenjulegt var að flestir sem létust voru á aldrinum 20–40 ára.



Asíuinflúensan 1957, Hong Kong inflúensan 1968 og svínainflúensan 2009

Aðrir heimsfaraldrar sem gengu yfir á 20. öld voru Asíuinflúensan 1957–1958, Hong Kong inflúensan 1968–1970 og svínainflúensan 2009.

Asíuinflúensan hófst í Kína 1957 og barst þaðan til allra ríkja veraldar. Til Íslands kom hún haustið 1957 beint frá Rússlandi að því er talið var. Inflúensufaraldurinn var ekki mjög mannskæður, hvorki hér né annars staðar þótt um greinilegan umframdauða væri að ræða. Önnur bylgja heimsfaraldursins gekk yfir í ársbyrjun 1958 en á Íslandi gekk önnur bylgja ekki yfir fyrr en vorið 1959. Var önnur bylgja metin mun þyngri en sú fyrri en reynsla annarra þjóða var einnig í þá veru. Lagðist hún þungt á eldra fólk og veikburða. Inflúensan var af völdum A(H2N2).

Hong Kong inflúensan hófst í júlímánuði 1968 í Kína og barst þaðan til flestra landa heims þegar leið á árið. Til Íslands barst hún í desember 1968. Önnur bylgja inflúensunnar reið yfir í árslok 1969 og ársbyrjun 1970. Þessi faraldur var talinn í meðallagi þungur hér á landi sem og annars staðar. Inflúensan var af völdum A(H3N2).

Heimsfaraldur af völdum inflúensu hófst síðvetrar 2009 í Bandaríkjunum og síðar í Mexíkó. Hann barst skjótt um heim allan, fyrst í austurátt til Evrópu um vorið 2009. Fyrstu greindu tilfellin bárust til Íslands í lok maí og byrjun júní 2009. Þegar leið á sumarið fjölgaði tilfellum en veikin reyndist væg framan af, ekki ólíkt og gerðist sumarið 1918. Í lok september og byrjun október 2009 fjölgaði tilfellum mikið með auknu álagi á heilbrigðisþjónustuna, einkum á gjörgæsludeild Landspítala. Inflúensan hafði mikil áhrif í samfélaginu og voru skólafjarvistir áberandi. Bólusetning gegn inflúensunni hófst um miðjan október 2009 og var helmingur landsmanna bólusettur á næstu mánuðum. Inflúensan sem kennd var við svínainflúensu var af völdum A(H1N1)pdm09. Ekki bar á nýrri bylgju svínainflúensunnar árin 2010–2014.





Berklar

Greining berkla byggist á ræktun berklabakteríu eða berklaheildar (complex) sem staðfest er af rannsóknarstofu, smásjárskoðun sýrufastra stafa eða granúloma við vefjaskoðun ásamt klínískri greiningu (líklegt tilfelli) eða klínískum skilmerkjum eingöngu.

Berklafaraldurinn á 20. öld

Berklar hafa líklega verið til staðar á Íslandi í stöku tilfellum eftir að landið byggðist. Það var þó ekki fyrr en í lok 19. aldar að læknar urðu varir við berklatilfelli í vaxandi mæli og ljóst að berklafaraldur var í uppsiglingu[3]. Berklafaraldurinn náði hámarki á Íslandi í upphafi 4. áratugar síðustu aldar. Eftir það dró jafnt og þétt úr nýgengi sjúkdómsins og dánartíðni af völdum hans, einkum eftir að berklalyf komu til sögunnar.



Þótt dregið hafi úr fjölda berklatilfella undanfarna áratugi hefur orðið aukning í fjölda tilfella meðal útlendinga sem búsettir eru hér á landi. Nú sem fyrr eru Asíubúar hlutfallslega flestir meðal berklaveikra, en tíðni jákvæðra berklaprófa meðal íbúa frá Afríku, Asíu og Austur-Evrópu er einnig há[4].


Fjöldi berklatilfella á 5 ára tímabilum árin 1971–2010
Fjöldi
60
50
40
30
20
10
0
1971-1975
1976-1980
1981-1985
1986-1990
1991-1995
1996-2000
2001-2005
2006-2010
Öll tilfelli
Íslenskir ríkisborgarar
Erlendir ríkisborgarar


Nýgengi berkla á 5 ára tímabilum árin 1971–2010
Fjöldi á hverja 100.000 íbúa
100
90
80
70
60
50
40
30
20
10
0
1971-1975
1976-1980
1981-1985
1986-1990
1991-1995
1996-2000
2001-2005
2006-2010
Öll tilfelli
Íslenskir ríkisborgarar
Erlendir ríkisborgarar

Aðgerðir gegn berklum

Hér á landi var aldrei gripið til almennra bólusetninga gegn berklum en þáverandi berklayfirlæknir taldi að hin mikla rénun sem varð á berklum eftir seinni heimstyrjöldina ásamt efasemdum um vernd bólusetningarinnar gegn sýkingu og áhyggjur af aukaverkunum bóluefnisins réttlætti ekki almenna bólusetningu. Þar að auki var bent á mikilvægi berklahúðprófsins til að fylgjast með útbreiðslu veikinnar, en almenn bólusetning var talin draga úr getu prófsins til að finna nýsmit[5]. Fylgst var með útbeiðslu berklasmits í samfélaginu með því að berklahúðprófa börn á aldrinum 6–16 ára í skólum. Þeim sem greindust með berklasmit fækkaði jafnt og þétt og var svo komið um miðja 9. áratug síðustu aldar að nánast engin börn á skólaaldri greindust með smit[6]. Í kjölfar þessarar niðurstöðu var almennum berklahúðprófum í skólum hætt. Berklapróf eru þó eftir sem áður mikilvægt tæki til að finna berklasmit hjá þeim sem lifa í næsta nágrenni við berklasjúkling.

Berklapróf meðal þeirra, sem hyggjast setjast hér að, afmarka annan áhættuhóp. Í gildi eru verklagsreglur sem varða læknisskoðun meðal þeirra sem sækja um dvalarleyfi hér á landi. Þar er kveðið á um að dvalarleyfisumsækjendur frá Mið- og Suður-Ameríku, þ.m.t. Mexíkó, Evrópu utan Evrópska efnahagssvæðisins (EES), Asíu eða Afríku skulu gangast undir læknisrannsókn vegna sóttnæmra sjúkdóma. Berklahúðpróf skal gera hjá þeim sem eru 35 ára og yngri. Bendi húðpróf til berklasmits skal taka röntgenmynd af lungum. Röntgenmynd skal tekin af þeim sem eru eldri en 35 ára. Ef fólk hyggst dvelja skemur en eitt ár má takmarka berklaskoðun við röntgenmynd af lungum[7].

Á undanförnum áratugum hefur hlutur innflytjenda til landsins meðal berklaveikra farið vaxandi. Ljóst er að ekki næst til allra innflytjenda í læknisskoðun við komu til landsins. Því er afar brýnt að heilsugæslustöðvar hafi í huga berkla þegar fólk sækir læknisþjónustu vegna einkenna sem gætu bent til berkla.

Göngudeild sóttvarna við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins gegnir mikilvægu hlutverki við að rekja berklasmit í samfélaginu þegar berklatilfelli greinast. Haft er uppá öllum þeim sem hafa haft náin samskipti við berklasjúkling og þeir berklaprófaðir. Sýni prófið merki um berklasmit er gefin fyrirbyggjandi lyfjameðferð gegn berklum. Mikilvægt er að hafa í huga að berklasmit jafngildir ekki berklasjúkdómi, en talið er að 10% þeirra sem smitast fái sjúkdóminn.

Mycobacterium bovis

Mycobacterium bovis sem fyrirfinnst í nautgripum en getur einnig sýkt menn telst þó ekki til berkla í mönnum samkvæmt sjúkdómsskilgreiningu Evrópusambandsins. Eftir að einn Íslendingur greindist með nautgripaberkla (*Mycobacterum bovis*) 2010 hefur ekki borið á þeim sjúkdómi. Ekki er ljóst hvernig smitið bar að og ekki er vitað til þess að berklar herji á nautgripi hér á landi um þessar mundir.

Berklar í nautgripum, sem eru vandamál víða um heim, komu upp á skólabúinu að Hólum í Hjaltadal 1958[8]. Talið var að danskur fjósamaður hafi borið smitið en hann var farinn af staðnum þegar sjúkdómsins varð vart. Margar kýr á búinu sýndu einkenni berklasmits og að endingu var öllum nautgripum á staðnum fargað. Notuð var ógerilsneydd mjólk á staðnum og smituðust a.m.k. tveir nemendur og var það reyndar kveikjan að því að sjúkdómurinn uppgötvaðist. Nautgripaberklar eru því svokölluð súna (*zoonosis*), en það er sjúkdómur sem er sameiginlegur dýrum og mönnum. Ekki hefur orðið vart við nautgripaberkla í nautgripum né í mönnum hér á landi frá árinu 1958 þar til greiningin var gerð 2010.

Berklar 2013–2014

Á árinu 2010 greindust óvenju margir með berkla hér á landi miðað við undanfarna áratugi. Reyndist meirihlutinn vera af erlendu bergi brotinn. Eftir það hefur dregið úr nýgengi berkla hér á landi. Enginn Íslendingur greindist með berkla árið 2014, sbr. mynd.



Einn þeirra sem greindist með berkla hér á landi í janúar 2014 var grænlenskur farandverkamaður sem þjáðst hafði af hósta frá haustinu 2013. Þegar hann greindist var hann vinnumaður á býli í Fljótunum fyrir Norðan. Eitt barn á býlinu svaraði berklaprófi, tók því smit en veiktist ekki. Áður hafði verkamaðurinn starfað haustið 2013 í sláturhúsi á Hornafirði og þar áður á Flúðum. Í sláturhúsinu voru um 70 manns í vinnu. Gerð var smitrakning eftir föngum en sumir starfsmenn sláturhússins voru erlendir farandverkamenn sem ekki reyndist unnt að ná til. Af þeim sem til náðist smitaðist einungis barnið í Fljótunum af Grænlendingnum.

Kynsjúkdómar, HIV og aðrar blóðbornar veirur

Klamydíusýking

Verulega dró úr nýgengi klamydíusýkinga á Íslandi árið 2014. Mest dró úr sýkingum hjá stúlkum á aldrinum 15–19 ára en hjá karlmönnum fækkaði sýkingum mest hjá 20–24 ára. Ekki hefur fengist skýring á því af hverju það dregur úr nýgengi sýkinga hjá þessum aldurshópum.







Fjöldi tilkynntra klamydíusýkinga á 100.000 íbúa er mestur á Íslandi miðað við önnur Evróplönd[9]. Hin Norðurlöndin eru einnig með háa tíðni miðað við önnur Evrópuríki. Þetta skýrist væntanlega tíðari sýnatöku á Norðurlöndum. Því er erfitt að meta hvort raunverulegt nýgengi í samfélaginu er hærra hér en annars staðar, vegna mismunandi vöktunar og heilbrigðisþjónustu milli Evrópulanda, ásamt mun á fjölda sýna sem tekinn er til klamydíugreiningar.

Lekandi

Lekandi var algengur sjúkdómur mestan hluta 20. aldar en nýgengi sjúkdómsins var hvað mest á árunum milli stríðsáranna. Eftir árið 1990 tók að draga mjög úr nýgengi sjúkdómsins.



Tilkynningum til sóttvarnalæknis um lekanda fjölgaði nokkuð upp úr 2005, en árlegur fjöldi tilfella hefur verið frá 6–10/100.000 íbúa á síðastliðnum árum.



Lekandi greinist oftar hjá körlum en konum, oftast á aldrinum 20–24 ára, en flestir sem greinast eru í aldurhópum frá 15–44 ára. Uppruni smits er bæði innlendur og erlendur.





Í Evrópu hafa greinst stofnar sem eru ónæmir fyrir ceftriaxone, en það er eitt helsta lyfið sem hefur verið notað til að meðhöndla einstaklinga með ónæma stofna[10]. Samkvæmt niðurstöðum sýklafræðideildar Landspítala hafa allir sem greinst hafa með lekanda á Íslandi verið með stofna sem eru næmir fyrir ceftriaxone, nema einn árið 2009, sjá töflu.

Sýklalyfjanæmi *Neisseria gonorrhoeae* á Íslandi tilkynnt til sóttvarnalæknis frá sýklafræðideild Landspítala árin 2007–2014
(S= næmi, I= skert næmi, R= ónæmi)

	Næmi	Penicillin	Tetracyclin	Ceftriaxone	Cefixime	Azythromycin	Ciproflocaxin
2007	**S**	4	5	20	-	19	7
	I	5	5	0	-	1	0
	R	11	10	0	-	0	13
	Samtals	20					
2008	**S**	1	3	26	-	24	12
	I	17	11	0	-	2	0
	R	8	12	0	-	0	14
	Samtals	26					
2009	**S**	0	1	13	-	13	8
	I	8	3	0	-	0	0
	R	6	10	1	-	1	6
	Samtals	**14**					
2010	**S**	0	0	5	-	5	0
	I	2	2	0	-	0	0
	R	3	3	0	-	0	5
	Samtals	5					
2011	**S**	3	3	11	-	11	6
	I	4	1	0	-	0	2
	R	4	7	0	-	0	3
	Samtals	11					
2012	**S**	-	-	12	6	12	6
	I	-	-	0	-	0	0
	R	-	-	0	2	0	6
	Samtals	12					
2013	**S**	-	-	8	8	5	6
	I	-	-	0	0	3	0
	R	-	-	0	0	0	2
	Samtals	8					
2014	**S**	-	-	15	15	15	7
	I	-	-	0	0	0	0
	R	-	-	0	0	0	8
	Samtals	15					

Lekandi er ýmist greindur með ræktun og/eða *Polymerase Chain Reaction* (PCR), en PCR byggir á greiningu á erfðaefni bakteríunnar. Með þeirri greiningaraðferð er þó ekki hægt að kanna sýklalyfjanæmi. Upplýsingar um sýklalyfjanæmi fást eingöngu úr sýnum sem send eru í ræktun en einungis þannig er hægt að tryggja að sjúklingurinn fái viðeigandi meðferð og fylgjast með faraldsfræði sýklalyfjanæmis hjá lekandabakteríunni hér á landi.

Sárasótt

Sárasótt var ekki algeng á Íslandi á 20. öldinni ef undan eru skilin árin sem seinni heimstyrjöldin stóð yfir. Árið 1945 hófst meðferð með penisillíni við sárasótt og dró þá umtalsvert úr útbreiðslu sjúkdómsins[11].



Síðastliðinn áratug greindust 1–7 einstaklingar árlega með sárasótt á Íslandi. Sýkingin virtist ekki vera útbreidd hér á landi því að í flestum tilfellum mátti rekja uppruna smitsins til útlanda. Skyndileg aukning varð á sárasóttartilfellum hér á landi árið 2014. Á undanförnum áratug hefur sárasóttartilfellum fjölgað í Vestur-Evrópu[12], sem stafar af auknum fjölda sýkinga meðal karla sem stunda kynlíf með körlum. Á árunum 2008–2010 hægðist á þeirri þróun en árið 2011 fjölgaði tilfellum aftur í Þýskalandi, einkum meðal karla sem stunda kynlíf með körlum[13].


Sárasótt á Íslandi 1997–2014
Fjöldi tilfella
30
25
20
15
10
5
0
1997
1998
1999
2000
2001
2002
2003
2004
2005
2006
2007
2008
2009
2010
2011
2012
2013
2014
Greiningarár

HIV/alnæmi

Frá upphafi alnæmisfaraldursins fyrir 30 árum höfðu í árslok 2014 greinst 331 einstaklingur með HIV-sýkingu. Af þeim voru 122 gagnkynhneigðir og 122 samkynhneigðir karlar með áhættuhegðun í kynlífi, 63 voru með sögu um misnotkun fíkniefna með sprautum og nálum og 14 voru með aðra áhættuþætti.

Aukningin sem varð á nýgengi HIV-sýkinga á árunum 2008–2012 tengdist hópsýkingu meðal fíkniefnaneytenda. Einkennandi fyrir þessa aukningu á sýkingum var tiltölulega hár meðalaldur, eða 34 ár, og náin tengsl milli hinna smituðu. Annað einkenni þessarar hópsýkingar var mikil notkun Rítalíns (*methylphenidate*) sem sprautað er í æð.

Á árunum 2013–2014 hefur hlutur samkynhneigðra aukist á ný meðal HIV-sýktra en mjög dregið úr fjölda með sögu um misnotkun fíkniefna í æð.




Greining HIV-smitaðra eftir árum, smitleiðum og áhættuhegðun
Hlutfallsleg skipting
100%
90%
80%
70%
60%
50%
40%
30%
20%
10%
0%
1983
1985
1986
1987
1988
1989
1990
1991
1992
1993
1994
1995
1996
1997
1998
1999
2000
2001
2002
2003
2004
2005
2006
2007
2008
2009
2010
2011
2012
2013
2014
Greiningarár
Annað/óþekkt
Móðir til barns
Blóðþegar
Gagnkynhneigðir
Fíkniefnaneytendur
Samkynhneigðir

Lifrarbólgur B og C

Nýgengi greindra tilfella af blóðsmitandi lifrarbólgu B og C hefur verið á undanhaldi undanfarin fjögur ár. Umtalsverður hluti þeirra sem greindust með lifrarbólgu B voru innflytjendur til landsins, en þeim hafði fækkað nokkuð undanfarin ár. Fíkniefnaneysla með sprautum og nálum er megin smitleið lifrarbólgu C. Ekki er ljóst hvað olli fækkun tilfella hvað þann sjúkdóm varðar en hugsanlegt er að forvarnastarf skili árangri.



Lifrarbólga B

Niðurstöður rannsókna benda til þess að lifrarbólga B hafi verið landlæg á Íslandi alla síðustu öld hið minnsta[14]. Um 5,4 % þjóðarinnar reyndust hafa mótefni gegn lifrarbólgu B (anti-HBc) og 0,17% voru með virka sýkingu árið 1987 (HBsAg-jákvæð).

Eftir að kerfisbundnar greiningar hófust á sýkingu af völdum lifrarbólgu B hér á landi 1985 var miðað við greiningu á virkri sýkingu. Ekki gerður greinarmur á bráðri sýkingu annars vegar og viðvarandi sýkingu hins vegar. Þumalfingursregla er að flestir Íslendinga sem greinast hafa haft bráða sýkingu, en innflytjendur, sem flestir eru ættaðir frá Suð-Austur Asíu, eru með viðvarandi sýkingu. Á árunum 1989–1991 og 2007–2008 greindust óvenju margir Íslendingar með lifrarbólgu B (sjá mynd) en þá aukningu mátti rekja að mestu til fíkniefnaneyslu með sprautum og nálum.



Samkvæmt sjúkdómsskilgreiningu ESB (sjá viðauka) skal greina bráða lifrarbólgu með jákvæðri anti-HBc IgM mótefnamælingu ásamt klínískum einkennum. Við neikvæða anti-HBc IgM mælingu flokkast sýkingin sem langvinn. Þegar klínískar upplýsingar benda til að sýkingin sé langvinn er anti-HBc IgM sjaldnast mælt, og flokkast hún þá samkvæmt skilgreiningu ESB sem óviss, en skv. klínískum upplýsingum er hún að öllum líkindum langvinn. Árlega greinast um 2–3 einstaklingar með bráða lifrarbólgu B. Langflestir þeirra sem greinast með sjúkdóminn eru útlendingar sennilega með langvinna sýkingu af erlendum uppruna.

Tafla. Flokkun lifrarbólgu B á Íslandi frá 2011–2014 samkvæmt skilgreiningu Evrópusambandsins

	Bráð	Langvinn	Óviss	Samtals
2011	2	0	19	21
2012	3	2	15	20
2013	2	0	14	16
2014	3	5	20	28

Lifrarbólga C

Lifrarbólga C (HCV) barst til landsins um miðjan 9. áratug síðustu aldar með fíkniefnaneyslu um æð. Hélst faraldurinn af völdum lifrarbólgunnar í hendur við fíkniefnafaraldurinn.

Þegar mótefnamælingar hófust í blóðbankanum í september 1992 greindist HCV-smit hjá 8 blóðgjöfum sem höfðu neytt fíkniefna um æð, en 6 af þeim höfðu áður gefið blóð. Hægt var að rekja smit til 27 blóðþega, en 23 af þeim höfðu smitast[15]. Ekki fundust aðrir smitaðir fíkniefnaneytendur sem gefið höfðu blóð. Sóttvarnalækni er ekki kunnugt um annað en eitt tilfelli af smiti af völdum blóðgjafar frá árunum fyrir 1992 fyrir utan þau tilfelli sem áður eru nefnd og tengdust prófunum frá 1992. Það tengist íslenskum manni sem varð fyrir alvarlegu slysi í Bandaríkjunum 1983 og þurfti á miklum blóðgjöfum að halda þar í landi og virðist hann hafa smitast af HCV við það. Eftir heimkomuna gaf hann einu sinni blóð sem leiddi til þess að blóðþegi smitaðist.

Sýking af völdum lifrarbólgu C verður viðvarandi í um 70% tilvika. Afar sjaldgæft er að sýking af völdum þessarar veiru valdi bráðum einkennum. Því er það þannig að hver sá sem greinist með kjarnasýru veirunnar (virka sýkingu) eða með mótefni gegn veirunni er talinn sýktur samkvæmt skráningu.



Sýkingar í meltingarvegi

Kampýlóbaktersýking

Fleiri kampýlóbaktersýkingar greindust árið 2014 samanborið við árin á undan. Aukningin sást bæði í sýkingum af innlendum og erlendum uppruna. Ónæmi fyrir sýklalyfjum, erythromycin og ciprofloxacin er mjög algengt við sýkingar sem eiga uppruna sinn erlendis. Þeir kampýlóbakterstofnar sem valda innlendum sýkingum hafa langoftast verið næmir fyrir bæði erythromycin og ciprofloxacin. En árið 2011 var hins vegar töluvert um ónæmi fyrir ciprofloxacini meðal innlendra bakteríustofna, sem hefur dregið úr að nýju, svo nú eru langflestir innlendir kampýlóbakterstofnar fullnæmir fyrir ciprofloxacini.

Reglubundnar árlegar sveiflur með fleiri sýkingar yfir sumarmánuðina samanborið við aðra mánuði ársins eru vel þekktar, enda var aukningin árin 2011 og 2012 mest í júlí og ágúst, sjá mynd. Helstu skýringar á þessum árlegu sveiflum eru m.a. ófullnægjandi grillaðar fuglaafurðir, krossmengun í önnur matvæli, tímabundin dvöl úti á landi með neyslu yfirborðsvatns á ferðalögum og í sumarbústöðum.





Tafla. Ciprofloxacin næmi á innlendum kampýlóbakter á Íslandi frá 2007–2014

Ár	R	S	Upplýsingar vantar
2007	5	35	1
2008	1	34	1
2009	0	42	0
2010	0	24	0
2011	14	46	0
2012	7	17	0
2013	3	46	0
2014	4	65	0

Salmónellusýking

Árið 2014 var salmonella staðfest hjá 43 einstaklingum sem er svipað borið saman við síðastliðin ár. Oft má rekja uppruna sýkinganna til útlanda, en stöku sýkingar eru af innlendum uppruna. Árið 2009 dró verulega úr salmonellusýkingum af erlendum uppruna sem kann að skýrast af færri ferðalögum Íslendinga til útlanda í kjölfar efnahagskreppunnar.

Ekki varð vart við neinar hópsýkingar af völdum salmonellu á árunum 2013 og 2014.



Algengustu sermisgerðirnar hér á landi eru *Salmonella Typhimurium* og *Salmonella Enteritidis.* Eftirfarandi sermisgerðir hafa greinst hér á landi frá 2007–2014.

Salmonella á Íslandi eftir sermisgerð frá 2007–2012

Sermisgerð	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
S. Enteritidis	3	2	4	1	5	2	1	2
S. Typhimurium	1	7	3	0	4	5	4	5
S. Agona	0	0	0	0	0	2	0	0
S. Brandenburg	0	0	0	2	0	0	0	0
S. Brezany	0	0	0	0	0	0	0	1
S. Salamae	0	0	0	0	0	0	1	0
S. Give	0	1	0	0	0	0	0	0
S. Haifa	0	0	0	0	6	0	0	0
S. Infantis	0	0	0	0	0	0	1	1
S. Kalumburu	0	0	0	0	0	1	0	0
S. Kentucky	0	0	0	0	1	0	0	0
S. Mbandaka	0	0	0	0	0	0	0	0
S. Montevideo	1	0	2	1	0	0	0	0
S. Napoli	0	0	0	0	0	2	0	1
S. Newport	1	0	0	0	0	0	0	0
S. paratyphi B	0	1	0	0	0	0	0	0
S. Paratyphi B var. Java	1	0	0	0	3	3	0	0
S. Poona	0	2	0	0	0	0	0	0
S. Reading	0	0	0	1	0	0	0	0
S. Saintpaul	3	0	0	1	0	0	1	0
S. Senftenberg	0	0	0	0	0	0	0	0
S. Shubra	0	1	0	0	0	0	0	0
S. species	5	7	2	2	3	2	5	1
S. Stanley	0	2	2	0	1	0	0	1
S. Takoradi	0	0	0	0	0	0	0	1

E. coli O157

Árið 2014 greindust þrír einstaklingar með sýkingu af völdum enteróhemórragísks *E. coli*, þar af fengu tveir HUS (*Hemolytic uremic syndrome*), sem er sjaldséð hér á landi. Engin tengsl voru á milli sýkinganna og ekki tókst að finna uppruna smitsins. Árin 2007 og 2009 komu upp litlar hópsýkingar af völdum þessarar bakteríu, en ekki tókst að rekju uppruna sýkingarinnar með vissu.



Aðrar sýkingar í meltingarvegi

Bótúlíneitrun

Fyrstu sögur sem fara af bótúlíneitrun á Íslandi eru frá 1949 en þá veiktust fjórir menn í Hafnarfirði og einn þeirra lést eftir að hafa borðað súrsað dilkakjöt[16]. Þessu næst var lýst hópsýkingu af völdum bótúlíneitrunar hjá fjórum einstaklingum í fjölskyldu frá Skagafirði árið 1981 vegna sýkingu í görn sem leiddi til sjúkrahúsvistar 10 ára gamallar stúlku með einkenni sjúkdómsins. Þá veiktist heimilisfaðirinn með síðkomnum einkennum sem samræmdust garnabótúlíneitrun sem þekkt er í ungabörnum. Ekki tókst að rekja uppruna smitsins sem orsakaðist af *Clostridium botulinum* af gerð B[17]. Síðustu þekktu tilfellin af garnabótúlín eitrun hér á landi greindust í Vestur-Húnavatnssýslu 1983 hjá móður og syni hennar. Tókst að rækta sýkilinn sem einnig var af gerð B frá sýrðri blóðmör og lifrarpylsu sem þau neyttu[18]. Allir sem veiktust af bótúlíneitrunum náðu sér að fullu nema sá sem lést árið 1949.

Giardíusýkingar

Giardíusýkingar eru nokkuð algengar hér á landi. Síðastliðin ár hefur gíardíusýking verið staðfest hjá 20–40 einstaklingum á ári hverju. Líklega er stór hluti sýkinganna af innlendum uppruna. Sýkingin er algengust í börnum. Árið 2004 var fjöldi sýkinga í hámarki og við nánari rannsókn sást að flestar sýkingarnar mátti rekja til smits manna á milli sem var í tengslum við leikskóla og dagmæður.



Fjöldi sem greinast með *Giardia lamblia* á Íslandi eftir aldri frá 1999–2014

Aldursbil í árum	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
0-4	1	4	3	10	8	13	7	7	3	4	3	2	3	1	2	2
5-9	1	0	1	3	3	7	1	3	4	2	1	1	1	1	1	2
10-14	0	1	1	2	0	1	1	0	3	2	1	1	0	0	0	1
15-24	1	1	1	0	0	1	1	0	0	0	0	1	2	0	1	0
25-34	0	3	2	2	3	2	1	1	2	1	1	1	1	1	1	2
35-44	1	2	2	2	1	3	1	1	1	1	1	1	1	1	0	0
45-54	1	2	1	2	1	2	1	1	1	0	0	1	1	1	0	0
≥ 55	1	1	0	1	1	0	0	0	0	0	1	0	0	0	0	0
Samtals	6	14	11	22	17	29	13	13	14	10	8	8	9	5	5	7

Lifrarbólga A

Lifrarbólga A er nú orðið sjaldgæf á Íslandi. Þessi sjúkdómur var mjög algengur fram á miðja 20. öld en þá dró mjög úr nýgengi hans[19]. Sýni, sem tekin voru 1987 úr einstaklingum sem voru 60 ára og eldri, sýndu að 65% þeirra voru með mótefni gegn lifrarbólgu A. Mótefni voru fátíð hjá þeim sem voru undir 50 ára aldri (1–3%)[20].



Á árinu 2011 greindist 1 tilfelli en 3 tilfelli greindust árið 2012. Uppruni var óþekktur en trúlega af erlendum toga. Árin 2013 og 2014 greindist enginn með lifrarbólgu A.



Sígellusýkingar

Sígellusýking**,** eða blóðkreppusótt, greinist sjaldan hér á landi um þessar mundir. Ekkert tilfelli greindist árið 2013 en tvö tilfelli greindust árið 2014, bæði sýkt erlendis.

Sjúkdómar sem bólusett er gegn

Barnaveiki

Barnaveiki var alvarlegt heilsufarslegt vandamál á Íslandi þar til bólusetning gegn sjúkdómnum hófst 1934[21]. Var þessum sjúkdómi endanlega bægt frá landinu um miðja 20. öldina, sjá mynd.



Hettusótt

Eftir að almenn bólusetning hófst hér á landi með þrígildu bóluefni gegn mislingum, rauðum hundum og hettusótt fjaraði sjúkdómurinn smám saman út og var nánast horfinn í lok 20. aldar.



Í lok maí 2005 braust út hópsýking af völdum hettusóttar hér á landi en hingað til lands barst hettusóttin frá Englandi. Hópsýkingin náði hámarki hér á landi í desember 2005, en það árið greindust 85 einstaklingar. Flestir sem greindust voru 20–24 ára. Því ákvað sóttvarnalæknir að hvetja alla einstaklinga fædda á árunum 1981 til og með 1985 að láta bólusetja sig gegn sjúkdómnum ef þeir höfðu ekki verið bólusettir áður. Dró þá aftur verulega úr sjúkdómnum og árin 2011 til 2014 greindust engin tilfelli fyrir utan eitt sem greindist 2013.

Bólusótt

Bólusótt er án efa sá smitsjúkdómur sem valdið hefur hvað mestum mannskaða á Íslandi, en hann reið yfir landið á öldum áður með jöfnu millibili tvisvar til þrisvar á öld og hafði alvarlegar afleiðingar í för með sér. Bólusóttin 1707–1709, sem kölluð var stórabóla, lék þjóðina grátt enda féll hátt í þriðjungur þjóðarinnar og flestir yngri en 50 ára. Árið 1796 hóf Edward Jenner kúabólusetningu gegn bólusótt, en hann sýndi fram á að kúabóla verndaði gegn bólusótt í mönnum og fjallaði fræðilega um það. Árið 1802 ákváðu dönsk heilbrigðisyfirvöld með kansellíbréfi að kúabólusetning skyldi tekin upp hér á landi og 1805 komu fyrstu reglur um framkvæmd þeirrar bólusetningar[22]. Í sögulegu samhengi hefur kúabólusetning verið eina skyldubólusetningin hér á landi.

Verulega dró úr bólusetningum gegn bólusótt á Íslandi á 8. áratug 20. aldar. Skyldubólusetning var afnumin hér á landi með lögum um ónæmisaðgerðir frá 1978[23] þegar tekist hafði að útrýma þessum sjúkdómi í heiminum og var þeim þá einnig endanlega hætt hér á landi[24].



Árið 1970 virðist hafa verið gert sérstakt átak í bólusetningum gegn bólusótt en ekki er fjallað um það í heilbrigðisskýrslum Landlæknisembættisins. Líklegt má telja að hópsýking af völdum bólusóttar sem varð á sjúkrahúsi í Meschede í Vestur-Þýskalandi árið 1970[25] hafi leitt til aukinna bólusetninga gegn bólusótt hér á landi.

Kikhósti

Farið var að skrá fjölda tilfella af kikhósta í lok 19. aldar. Gekk sjúkdómurinn í faröldrum á Íslandi á 6–7 ára fresti og stóð jafnan yfir í 6–12 mánuði. Dánartíðnin af völdum kikhóstans var há í byrjun 20. aldar hjá yngstu börnunum en smám saman dró úr henni, frá 6% niður í 2% í faraldrinum 1959–60[26]. Eftir það hefur enginn látist úr kikhósta.



Bólusetning gegn kikhósta hófst á Íslandi 1927 með heilfrumubóluefni en erfitt var að meta árangurinn. Það má rekja til þess að bóluefnið var unnið úr kikhóstabakteríum eftir að faraldur var hafinn og því örðugt að stöðva útbreiðsluna. Árið 1942 var gerð rannsókn á virkni bóluefnisins hér á landi og birtust niðurstöður hennar í *Læknablaðinu*[27] og síðar í bandarísku læknablaði en þær bentu til að virkni bóluefnisins væri 87%[28]. Frá 1950 var öllum börnum boðin bólusetning gegn kikhósta en það var ekki fyrr en eftir faraldurinn 1959, sem reyndist þungur, að bólusetning varð almenn. Eftir það dró umtalsvert úr fjölda tilfella en styttra varð á milli lítilla faraldra sem komu á 3–5 ára fresti þar til þeir nánast hurfu. Heilfrumubóluefni var notað hér á landi þar til bólusetning með frumulausu bóluefni hófst árið 2000.

Á árunum 2012–2013 brast á lítill faraldur af kikhósta. Af einstaklingum með staðfestan kikhósta voru 12 yngri en 6 mánaða og tveir á aldrinum 6–12 mánaða. Fjórtán einstaklinganna voru fullbólusettir gegn kikhósta en 9 voru óbólusettir. Enginn lést af völdum kikhósta á árinu 2012–2014.


Fjöldi staðfestra tilfella kikhósta greind á sýklafræðideild Landspítala
Fjöldi tilfella
40
35
30
25
20
15
10
5
0
1997 1998 1999 2000 2001 2002 2003 2005 2006 2007 2008 2011 2012 2013 2014
Greiningarár

Lömunarveiki

Sögulegar heimildir um lömunarveiki á Íslandi

Fyrsti lömunarveikifaraldurinn reið óvænt yfir Ísland árið 1924[29]. Áður höfðu nokkrar minniháttar hópsýkingar af lömunarveiki verið skráðar, fyrst í Reykjavík árið 1904 og síðar utan Reykjavíkur árin 1905 og 1914–1915[30]. Stöku tilfelli voru svo greind árin 1918, 1920, og 1922–1923. Eftir að stóri faraldurinn reið yfir 1924 fylgdu sex stórir faraldrar, sá síðasti 1955. Síðustu níu innlendu tilfellin (tvö þeirra með lömun) greindust hér á landi árið 1960 en þau tilheyrðu sömu fjölskyldunni[31]. Síðasta tilfellið sem greindist hér á landi kom erlendis frá árið 1963[32]. Um var að ræða erlent barn, án lamana, sem kom frá Bandaríkjunum og var sýkt af lömunarveiki af gerð III. Við skimun fyrir lömunarveiki á flóttamönnum frá Kosovo árið 1999 greindust lömunarveikiveirur af gerð I og III sem voru vegna bólusetningar[33].

Lömunarveiki með lömun af völdum lifandi bóluefnis hefur aldrei greinst hér á landi.



Bólusetning gegn lömunarveiki á Íslandi

Bólusetning gegn lömunarveiki hófst á Íslandi árið 1956. Einungis hefur verið notað dautt bóluefni gegn lömunarveiki (*inactivated polio vaccine – IPV*). Var þátttaka mjög góð alla tíð eða nálægt 100% og Íslendingar vel varðir gegn sýkingu.

Vöktun á lömunarveiki á Íslandi

Víða um lönd er beitt vöktun á bráðum lömunum (*acute flaccid paralysis -AFP*) til að finna sýkingu af völdum lömunarveiki. Íslendingar hafa ekki beitt þeirri aðferð með kerfisbundnum hætti. Könnun sem gerð var yfir 15 ára tímabil (1982–1996) benti til þess að 1 barn af hverjum 7287 fæddum börnum greinist með lömun[34]. Ekkert þeirra tengdist lömunarveiki. Aðferðin við vöktun á Íslandi byggist á veirugreiningu á saursýnum, en tíðnin á þeirri rannsókn samsvarar einni rannsókn á hverja 1500 íbúa. Sýni sem gætu talist grunsamleg eru send til frekari greiningar í Finnlandi. Nefnd Evrópudeildar WHO um útrýmingu á lömunarveiru telur þessa aðferð ásættanlega hér á landi[35].

Meningókokkasjúkdómur

Algengustu sermisgerðir meningókokka sem valda sjúkdómi hér á landi hafa verið B og C. Sermisgerð B olli stórum faröldrum hér á landi á 20. öld en sermisgerð C var einnig algeng.



Eftir að almenn ungbarnabólusetning gegn meningókokkasjúkdómi C hófst hér á landi árið 2002 hefur sjúkdómurinn nánast horfið.



Áhyggjur manna um að meningókokkasjúkdómur B mundi ryðja sér til rúms hafa ekki gengið eftir, frekar hefur dregið úr nýgengi hans eftir að bólusetning gegn meningókokkasjúkdómi C hófst. Full ástæða er til að vera á varðbergi gegn þessum sjúkdómi.



Mislingar

Mislingar hafa verið skæðir á Íslandi einkum á 19. öld og fram eftir 20. öld. Mjög dró úr nýgengi mislinga eftir að skipulegar bólusetningar hófust gegn sjúkdómnum við 2 ára aldur árið 1976. Síðar var bólusetningin gefin með bóluefnum gegn rauðum hundum og hettusótt við 18 mánaða aldur árið 1989. Árið 1994 var ákveðið að endurbólusetja 9 ára gömul börn en um mitt ár 2001 var endurbólusetningin færð til 12 ára aldurs. Síðast greindist mislingatilfelli hér á landi árið 1996 þar til eitt 13 mánaða gamalt barn greindist árið 2014 með sjúkdóminn. Barnið hafði smitast á Filipseyjum eftir að hafa verið í heimsókn þar. Engin tilfelli greindust hér á landi meðal þeirra sem voru í tengslum við barnið.



Pneumókokkasýking (ífarandi)

Ífarandi pneumókkasýkingar voru gerðar tilkynningarskyldar árið 2009 í aðdraganda bólusetninga með tengdu pneumókokkabóluefni en almennar ungbarnabólusetningar gegn sjúkdómnum hófust vorið 2011. Jafnt og þétt hefur dregið úr nýgengi ífarandi pneumókokkasýkinga eftir að bólusetning gegn pneumókokkum meðal ungra barna. Á árinu 2011 greindust 33 einstaklingar hér á landi með ífarandi pneumókokkasýkingar og átta létust. Á árinu 2012 greindust 27 einstaklingar með ífarandi sýkingar af völdum pneumókokka og fjórir þeirra létust. Enginn þeirra var yngi en 20 ára. Árið 2013 geindust 19 einstaklingar og fjórir þeirra létust, allir yfir 64 ára. Árið 2014 geindust 24 einstaklingar og þrír þeirra létust, allir yfir 75 ára en enginn einstaklingur yngri en 20 ára greindist.



Dregið hefur úr nýgengi ífarandi pneumókokkasýkinga, einkum í aldurshópnum undir 60 ára aldri en nýgengið hefur staðið nokkuð í stað hjá 60 ára og eldri. Líklegt má telja að þennan árangur megi rekja til bólusetninga gegn pneumókokkum sem hófust árið 2011 hér á landi.



Rauðir hundar

Rauðir hundar gengu í faröldrum alla 20. öldina og ollu tíðum fósturskaða[36]. Árið 1977 hófst átak sem miðaði að því að koma í veg fyrir sýkingu af völdum rauðra hunda hjá þunguðum konum og þannig koma í veg fyrir fósturskaða af völdum sjúkdómsins. Hafin var rannsókn á ónæmisástandi gegn rauðum hundum með sérstöku tilliti til verndunar næmra kvenna á barneignaraldri (12– 40 ára) með bólusetningum. Þessum bólusetningum var ekki ætlað að útrýma rauðum hundum eða faröldrum af völdum þeirra. Þeim var ætlað að ná til þeirra stúlkna sem ekki fengu náttúrulegt ónæmi gegn sjúkdómnum og hindra þannig skaða af völdum meðfæddra rauðra hunda[37].

Árið 1989 hófst almenn ungbarnabólusetning gegn rauðum hundum, mislingum og hettusótt við 18 mánaða aldur. Árið 1997 var ákveðið að endurbólusetja börn 9 ára að aldri. Var þetta gert til að binda fyrr enda á rauðu hunda faraldur sem hófst 1992 og gekk meðal óbólusettra einstaklinga. Síðustu tilfellin af rauðum hundum greindust árið 1996 þar til tveir fullorðnir einstaklingar greindust með sjúkdóminn á árinu 2012. Báðir voru með einkennandi sjúkdóm og hafði annar líklega smitast erlendis. Báðir voru óbólusettir.



Stífkrampi

Stífkrampi var alvarlegt vandamál hér á landi áður fyrr og var valdur að hárri dánartíðni ungbarna (ginklofi), einkum í Vestmannaeyjum á 19. öld[38]. Bólusetning gegn stífkrampa hófst hér á landi árið 1952 og var orðin almenn á Íslandi frá 1955. Engin tilfelli höfðu verið skráð hér á landi frá 1960 (en þó er getið um eitt óskráð tilfelli 1970) þar til sjúkdómurinn greindist í 79 ára gömlum bónda árið 2008 hér á landi[39].

Stífkrampi á Íslandi frá 1881–1971



Framkvæmd bólusetninga

Stöðugt er unnið að þróun og framkvæmd bólusetninga og áhrifa þeirra. Einn liður í því er að fullgera miðlægan gagnagrunn um bólusetningar sem nýtist við að fylgjast með hlutfalli þeirra sem eru bólusettir.

Samkvæmt lögum um ónæmisaðgerðir nr. 36/1950 skyldi börnum boðin bólusetning („skyldi gera kost bólusetninga“) gegn barnaveiki, kikhósta og „öðrum sóttum er til greina koma hér á landi ef virk ónæmisaðgerð verður kunn.“ Bólusetning gegn bólusótt var þá skylda. Eftir því sem fram leið bættust við bólusetningar s.s. gegn lömunarveiki, stífkrampa, haemophilus influenzae gerð b í hinni almennu ungbarnabólusetningu 3, 5 og 12 mánaða gamalla barna, bólusetning gegn rauðum hundum, mislingum og hettusótt 18 mánaða og 12 ára barna og bólusetning gegn meningókokkasjúkdómi C við 6 og 8 mánaða aldur. Síðast bættist við bólusetning gegn pneumókokkasýkingum sem hófst á Íslandi í apríl 2011. Er þess vænst að alvarlegum pneumókokkasýkingum í börnum muni fækka um allt að 70%, miðeyrnabólgu um allt að 25%, lungnabólgu um allt að 30% og að draga megi úr sýklalyfjaávísunum til barna um allt að 25%.

Þann 1. september 2011 hófst almenn bólusetning á Íslandi gegn HPV (*Human Papilloma Virus*). Veturinn 2011 til 2012 voru 12 og 13 ára stúlkur (fæddar 1998 og 1999) bólusettar en upp frá því eru 12 ára stúlkur bólusettar árlega. Á Íslandi greinast árlega hundruð kvenna með forstigsbreytingar leghálskrabbameins og um 17 konur með leghálskrabbamein. Með bólusetningunni má búast við að koma megi í veg fyrir um 40–50% forstigsbreytinga og 60–70% leghálskrabbameins. Þar sem leghálskrabbamein myndast oftast 20–30 árum eftir sýkingu af völdum HPV munu líða 10–30 ár þar til árangur bólusetningarinnar kemur í ljós. Því er lögð áhersla á nauðsyn þess að konur haldi áfram að mæta í krabbameinsleit eins og opinberar leiðbeiningar segja til um.

Um bólusetningar er fjallað í reglugerð nr. 221/2001 með síðari breytingum, sbr. reglugerð nr. 904/2013.

Þátttaka í bólusetningum

Bólusetning barna

Bólusetning gegn barnaveiki, stífkrampa, heamophilus influenzae gerð b (Hib) og lömunarveiki:



Bólusetning gegn meningókokkasjúkdómi C:



Bólusetning gegn pneumókokkasjúkdómi:



Bólusetning gegn mislingum, hettusótt og rauðum hundum:



Bólusetning gegn vörtuveirum (HPV) og leghálskrabbameini:



Sýklalyfjanotkun og sýklalyfjaónæmi

Í skýrslu sóttvarnalæknis og samstarfsaðila um sýklalyfjanotkun og sýklalyfjaónæmi baktería í mönnum og dýrum á Íslandi 2014 (http://www.landlaeknir.is/utgefid-efni/skjal/item27204/) er ítarlega gerð grein fyrir notkun sýklalyfja og ónæmi sýkla fyrir sýklalyfjum. Helstu niðurstöður eru eftirfarandi:

Sýklalyfjanotkun

Notkun sýklalyfja hjá mönnum hefur lítið breyst frá árinu 2010 en hefur þó minnkað lítillega frá árinu 2012. Notkun sýklalyfja samkvæmt sölutölum er áfram hæst á Íslandi miðað við hin Norðurlöndin en er um miðbik ef miðað er við öll Evrópulönd. Hins vegar er sýklalyfjanotkun hjá dýrum ein sú minnsta hér á landi innan Evrópu og hefur hún minnkað stöðugt frá 2010.

Notkun sýklalyfja innan og utan heilbrigðisstofnana árin 2010–2014:



Þó sýklalyfjanotkun hjá mönnum hér á landi hafi haldist nokkuð óbreytt á undanförnum árum þá hefur notkun einstakra sýklalyfja og sýklalyfjaflokka breyst sem og notkunin hjá mismunandi aldurshópum. Notkun sýklalyfja hjá börnum yngri en 5 ára hefur minnkað stöðugt frá árinu 2011 (11%) en á því ári hófst almenn bólusetning gegn pneumókokkum hjá börnum. Leiða má líkum að því að bólusetningin hafi dregið marktækt úr tíðni eyrnabólgu og öndunarfærasýkinga og þannig dregið úr sýklalyfjanotkun en sýklalyfjanotkun hjá ungum börnum er hlutfallslega mest allra aldurshópa.

Notkun sýklalyfja (J01), mæld í fjölda ávísana, utan heilbrigðisstofnana 2010–2014, eftir aldri:



	0-4	5-9	10-14	15-19	20-39	40-64	65+
2010	1.247	438	312	618	580	694	1.004
2011	1.260	466	287	577	576	684	1.002
2012	1.217	420	288	555	579	704	1.026
2013	1.124	380	249	511	557	697	1.017
2014	1.122	409	258	542	575	696	1.002

Hins vegar hefur notkun azithromycins aukist jafnt og þétt í öllum aldurshópum á undanförnum árum þrátt fyrir áróður um takmarkað notagildi lyfsins einkum hjá ungum börnum. Áfram er mikil notkun hér á landi á tetracýklínlyfjum en sú notkun skýrir einna helst meiri notkun sýklalyfja hér á landi miðað við önnur lönd.

Sýklalyfjaónæmi

Sýklalyfjaónæmi hefur almennt haldist nokkuð óbreytt hér á landi á undaförnum árum þó það sé breytilegt eftir bakteríum. Salmonellusýkingar hjá mönnum hafa verið nokkuð svipaðar að fjölda til frá 2000 en tíðni kampýlóbaktersýkinga heldur aukist. Flestar þessara sýkinga má rekja til erlends smits og er sýklalyfjaónæmi algengara í þeim sýkingum. Sýklalyfjaónæmi pneumókokka hefur minnkað hér á landi frá 2011 sem kann að stafa af almennri bólusetningu hjá börnum sem hófst 2011. Á tímabilinu 2011 til 2014 þá minnkaði ónæmi fyrir penicillini úr 40% í rúmlega 20% en hins vegar jókst ónæmi fyrir ceftríaxóni úr 0% í 5%.

Hvað E. coli bakteríur varðar, hefur ónæmi fyrir hinum ýmsu sýklalyfjum haldist nokkuð óbreytt en það veldur hins vegar áhyggjum að um 6% allra E. coli stofna mynda nú breiðvirka beta-laktamasa (ESBL). Jafnfram hefur ónæmi enterókokka fyrir ampicillini aukist í 12% en er enn einungis 1% fyrir vancomycini. Á árinu 2014 greindust 55 einstaklingar með methicillin ónæma stafýlókokka (MÓSA) og er það aukning miðað við undanfarin ár.

Meticillin ónæmur Staphylococcus aureus (MÓSA)

Árið 2013 komu út leiðbeiningar sóttvarnalæknis „Forvarnir og aðgerðir gegn methicillin ónæmum *Staphylococcus aureus* (MÓSA)“ sem voru gerðar í samvinnu við sýkingavarnadeild og sýkladeild Landspítala. Leiðbeiningarnar voru skrifaðar til að móta samræmda stefnu á Íslandi í þeim tilgangi að draga úr útbreiðslu á ónæmum bakteríum innan heilbrigðisþjónustunnar.

Fjöldi þeirra sem greindust með sýkingar af völdum mósa hefur haldist nokkuð stöðugur sl. ár. Flestir sem greinast með mósa á Íslandi greinast við sýnatöku á Landspítalanum. Árið 2014 voru tvær sýkingahrinur af völdum mósa á deild A7 og ein á deild B7, sem þurfti að bregðast með mósaleit og eflingu sýkingavarna. Hluti þeirra sem greinast með mósa á Landspítalanum eru ekki inniliggjandi heldur greinast við sýnatökur á slysadeildinni eða göngudeildum. Einnig greinist töluvert af mósa í heilsugæslunni og á heilbrigðisstofnunum úti á landi. Hlutfallslega fáar greiningar koma frá langlegustofnunum, en víða erlendis hefur mósi náð fótfestu á þessum stofnunum og valdið sýkingum sem getur verið erfitt að meðhöndla.



*Mósi - Methicillin ónæmur *Stahpylococcus aureus*



Vankómýsín ónæmir enterókokkar

Vankómýsin ónæmir enterókokkar (VRE) greindust fyrst á Íslandi árið 2007, en fjöldi tilfella eftir það hefur sveiflast mjög. Sýkingahrinur af völdum VRE gengu yfir á Landspítalanum á árunum 2009 og 2010. Fyrstu tilfellin greindust í venjulegum sjúklingasýnum og fleiri greindust þegar farið var í umfangsmikla VRE leit. Enginn greindist með VRE árið 2011 en árið 2012 varð vart við aðra sýkingahrinu á Landspítalanum. Eitt tilfelli greindist á árinu 2013 og annað árið 2014.



Breiðvirkir betalaktamasar (ESBL)

Margar Gram neikvæðar bakteríur framleiða ensím sem kallast β-laktamasar sem eru algeng orsök ónæmis en þau rjúfa β-laktam hring β-laktam lyfja og gerir þau óvirk. Þessi ensím geta verið þröngvirk og virkað á eitt eða fá lyf eða breiðvirk og virkað á mörg β-laktam lyf. Bakteríur, sem framleiða þessi ensím geta verið ónæmar fyrir penicillíni, cephalósporinum og karbapenemum, og ónæmismynstrið er í samræmi við virkni þess ensíms sem myndast. Þrír helstu flokkar breiðvirkra β-laktamasa (BBL) eru ESBL (Extended Spectrum β-lactamases – ESBL), AmpC og karbapenemasar. Árið 2014 komu út leiðbeiningar sóttvarnalæknis sem voru gerðar í samvinnu við sýkingavarnadeild og sýkladeild Landspítala. Leiðbeiningarnar voru skrifaðar til að móta samræmda stefnu á Íslandi í þeim tilgangi að draga úr útbreiðslu á ónæmum bakteríum innan heilbrigðisþjónustunnar.

